

Erindisbréf

Starfshópur um akstursþjónustu fatlaðs fólks í Hafnarfirði

Akstursþjónusta fatlaðs fólks í Hafnarfirði

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur ákveðið að horfið verði frá samstarfi við önnur sveitarfélög innan SSH (að Kópavogi undanskildum) um akstursþjónustu fatlaðs fólks og þess í stað verði undirbúningur hafinn að útboði á þjónustunnar í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar.

Hlutverk

Starfshópnum er falið að undirbúa útboð á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði. Markmið útboðsins er skilvirk þjónusta með auknu sjálfræði notenda án þess að skerða þjónustuna eins og hún er skilgreind í þjónustulýsingu. Lögð verði áhersla á faglega og persónulega þjónustu. Starfshópurinn hefur heimild til þess að fá ráðgjöf sérfræðinga ef þurfa þykir og er auk þess ætlað að taka mið af fyrirbyggjandi þjónustulýsingu og rekstrarupplýsingum sem lagðar hafa verið fram af hálfu núverandi rekstraraðila.

Skipulag

Starfshópurinn samanstendur af þremur fulltrúum Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar ásamt tveimur fulltrúum Ráðgjafaráðs fatlaðs fólks. Innkaupastjóri, fjármálastjóri og sviðsstjóri fjölskylduþjónustu starfa einnig með hópnum.

Starfshópurinn skal funda eftir þörfum, þó ekki oftar 10 sinnum. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Sé þess þörf verður sótt um auka fjárveitingu verði þörf á fleiri fundum. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf starfshópsins. Fundargerðirnar skal senda bæjarráði til staðfestingar. Jafnframt skulu fundargerðir sendar fjölskylduráði til kynningar.

Starfshópurinn skal ljúka störfum fyrir 1. júní 2019.

Fulltrúar í starfshópi:

Helga Ingólfssdóttir	fulltrúi fjölskylduráðs, formaður
Margrét Vala Marteinsdóttir	fulltrúi fjölskylduráðs
Sigurður Þ. Ragnarsson	fulltrúi fjölskylduráðs
Elísabet Hansdóttir	fulltrúi ráðgjafaráðs
Elín Ýr Arnar Hafdísard.	fulltrúi ráðgjafaráðs
Rannveig Einarssdóttir,	Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu
Guðmundur Ragnar Ólafsson,	Innkaupastjóri
Rósa Steingrímsdóttir,	Fjármálastjóri

Samþykkt erindisbréfs:

Erindisbréfið þetta var samþykkt í fjölskylduráði 22. mars 2019



HAFNARFJÖRÐUR

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku